# 2012 - 2013

## Spurt er

05. júní 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson

Nokkrir nemendur á Elsta stigi tóku Stöðfirðinga tali.

## Síðasti vordagur – þríþraut - félagsvist - skólaslit

04. júní 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson

Dagurinn byrjaði á því að flestir nemendur grunnskólans fóru í þríþraut. Allir sem tóku þátt stóðu sig prýðilega.

Þegar allir voru búnir að skola af sér fóru menn upp í grunnskólann og fengu sér heitt kakó og grænmeti með ídýfu. Nemendur á Yngsta stigi báru út kortin með Gurru. Næst settust nemendur til borðs og ýmist leiruðu eða spiluðu félagsvist. Svo fengu nemendur tíma til þess að fara heim og fara í snyrtilegri föt.

Nemendur og starfsfólk skólans fengu sér lambakjöt, sósu, salat, brúnaðar kartöflur og baunir.

Næst voru veitt verðlaun fyrir keppnisdaga. Þeir sem fengu verðlaun þar voru Hanna Dís, Dýrunn, Rakel, Haraldur og Viktor. Svo voru veitt verðlaun fyrir félagsvist, verðlaunin hlutu Haraldur, Dýrunn, Kolbrún og Kristján.

Svo voru afhentar einkunnir og viðurkenning fyrir Norræna skólahlaupið.

Svo var komið að því að kveðja tíunda bekkinn og Shek. Það var erfitt fyrir alla og svo héldu allir heim.

Hér eru myndir frá þessum síðasta skóladegi vetrarins.

Dýrunn, Kolbrún og Máni 6. og 5. bekk

# Hvannabrekka og Djúpivogur

03. júní 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson

Við byrjuðum á því að fara í rútu til Berufjarðar og fórum á opinn sveitabæ sem heitir Hvannabrekka. Þar sáum við beljur, kanínur, kindur, hænur og hund.

Svo fórum  við að skoða safn hjá manni sem safnar nánast öllu og þar sáum við fullt af flottum beinagrindum og hann gaf okkur góða fræðslu um búrhvali og höfrunga. Það var mjög fræðandi og skemmtilegt.

Svo kíktum við á eggin í Gleðivík eftir listamanninn Sigurð Guðmundsson. Þetta voru eftirlíkingar af eggjum hjá allskonar fuglum. Undirskriftin á þeim var á íslensku og latínu.

Og svo fórum við að heimsækja skólann og fengum okkur hádegismat og skoðuðum skólann. Við ætluðum í sund en sundlaugin var lokuð. Í staðinn fórum við að skoða fuglana í fuglahúsinu. Og þar sáum við allskonar egg og hreiður.

Síðan fórum við að skoða búð sem heitir Arfleifð og þar sáum við allskonar flott föt sem er búin eru til úr dýrahráefnum eins og laxi, hreindýri, kindum og karfa.

Hérna eru myndir úr ferðinni.

Takk fyrir okkur; Hanna Líf, Beggý, Friðrik og Eyþór í 8. bekk

# Nýgræðingur og Álfabyggð

29. maí 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson

*Íburðardeildin sló ekki slöku við frekar en aðrir.*

Þann 29. maí 2013 skruppum við skólinn út í Nýgræðing að gera fínt fyrir sumarið en á meðan var yngsta stig að gróðursetja tré í Álfabyggð. Okkur var skipt í hópa til að mála pallinn, brúna, smíða og bera möl. Síðan í lokin fóru flestir í vatnsstríð. Þetta var mjög gaman.

Fjölnir og Kristjan 10. bekk.

Hérna eru myndir.

(viðbót kennara)

Það var samdóma álit þeirra kennara (Björgvins, Jónu Petru og Sollu) sem voru með hópnum í Nýgræðing að við höfum ekki unnið með svona jafn duglegan hóp. Allir lögðu sitt af mörkum og gengu í öll þau verk sem þurfti án þess að kvarta. Hluti hópsins týndi allt rusl úr kofabyggðinni fyrrverandi í stóra hrúgu áður en hann fór í að keyra möl í tóftina. Veðrið var yndislegt, sól og blíða. Leikskóladeildin kom í heimsókn og dvaldi fram að hádegi og

grillaði pylsur.  Krakkarnir léku sér í skóginum og þar voru m.a.  indíánar og prinsessur sem nutu þess að þvælast um í náttúrunni.

# Gönguferð um Kambanes

28. maí 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson

Þriðjudaginn 28.05.13 fóru nemendur í Stöðvarfjarðarskóla ásamt nokkrum kennurum í gönguferð um Kambanesið. Við löbbuðum eftir veginum en eftir smá  spöl gátu nemendur valið um hvort þeir vildu fara með veginum eða ganga yfir Hnútuna. Þeir sem völdu að fara veginn voru ekki í góðum skóm og vildu því ekki blotna í fæturnar.

Þegar nemendur sem völdu að ganga Hnútuna voru komnir upp á hana tóku þeir sér einn stein og settu í vörðuna sem var þar. Þegar við komum niður Hnútuna hinum megin, þá kíktum við til Stulla og Völlu, fengum þar heitt kakó, piparkökur og sleikjó.

Það var sem töfrum líkast að Stulli og Valla vissu að við værum að koma og Stulli skrapp til hennar Grýlu og fékk lánaðan pottinn hennar til þess að búa til heitt kakó handa hópnum.

Nokkrir af nemendunum fundu svokallaða óskasteina sem Sólrún sýndi okkur í byrjun ferðarinnar. Allir voru hressir og kátir eftir gönguna.

P.S. Á heimleiðinni þurfti Kristján að leiðbeina Sólrúnu því hún sá ekkert fyrir raka og nemendur sem fóru með Björgvin í bíl léku sér að skemmtilegu bílflautunni hans sem hljómaði eins og trúðaflauta.

Hér eru myndir úr ferðinni.

Takk fyrir okkur

Arney Hildur Margeirsdóttir, Haraldur Sigurjón Þorsteinsson og Jóhannes Kristinn Hafsteinsson  9. bekk.

# Húni II og Knörrinn

15. maí 2013 - Solveig Friðriksdóttir

Dagana 13. og 14. maí voru happafleyin Húni II og Knörrinn á ferð í Fjarðabyggð.

Bátarnir, sem eru 50 ára gömul eikarskip smíðuð á Akureyri 1963, voru almenningi til sýnis á Eskifirði og Norðfirði. Nemendur úr 8. og 9. bekkjum grunnskólanna fengu sérstaka fræðslu og leiðsögn um skipin frá Herði Sigurbjarnarsyni, Þorsteini Pétursyni og Elís Pétri Sigurðssyni sem sögðu frá byggingu skipanna og sögu þeirra sem fiskiskipa og farþegaskipa. (Af síðu Fjarðabyggðar)

Nemendur 9. bekkjar í Stöðvarfjarðarskóla skoðuðu fleyin þann 13. en ekki viðraði til siglinga. Daginn eftir mætti hluti 8. bekkjar á Eskifjörð og sigldu nemendur Stöðvarfjarðar, Breiðdalsvíkur, Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar með Knerrinum og fengu fræðslu um það merka fley. Siglingin var stutt þar sem vindar blésu og það var frekar hráslagalegt.

# Útigrill

13. maí 2013 - Jóna Petra Magnúsdóttir

*Yngsta stig að grilla :)*

Nemendur yngsta stigs fór út í Nýgræðing föstudaginn 7. maí. Tilgangurinn með ferðinni var að grilla og finna pöddur. Nei við ætluðum ekki að grilla pöddur heldur grilluðum við banana og ýmislegt annað góðgæti með. Fáar pöddur fundust en við ætlum að reyna aftur síðar :)

# Sundkennsla á vorönn

13. maí 2013 - Jónas E. Ólafsson

Sundkennsla verður dagana 15. maí - 16. maí (2 dagar), 21. maí - 23. maí (3 dagar) og 27. maí - 28. maí (2 dagar).

Tímasetning hjá yngsta stigi: mán (11.10), þri (12.30), mið (11.10) og fim (12.30)

Miðstig verður alla daga kl. 13.30 og elsta stig kl. 14.30.

Íþróttir falla niður þessa daga.

# Útsvar - Hönnuðirnir á Miðstigi

24. apríl 2013 - Solveig Friðriksdóttir

*Pokahönnuðirnir*

Síðastliðinn fimmtudag fengu nemendur á Miðstigi það skemmtilega verkefni að hanna poka undir gjarfirnar sem Útsvarsliðið frá Fjarðabyggð gaf mótherjum sínum. Gjafirnar góðu voru frá Stöðvarfirði

Þegar kallið kom var Miðstigið í lífsleikni og  allt var sett á fullt. Máni, Rakel og Siggi fundu myndir sem tengdust Stöðvarfirði og Dýrunn og Kolbrún fundu út hve mörg blöð við þyrftum til að útbúa poka af réttri stærð. Svo var unnið og hannað, spáð og spekúlerað, brotið saman og límt og eftir að hafa stolið einni og hálfri kennslustund úr íslensku, tekið stutt matarhlé og gert nokkrar misheppnaðar tilraunir litu þrír pokar dagsins ljós. Rétt áður en Jónsi úr Útsvarsliðinu kom og sótti gjafirnar.

Á föstudagskvöld horfðu allir á Útsvarið og biðu spenntastir eftir afhendingu gjafanna.  Á sumum heimilum var spennustigið svo hátt að það hefði örugglega verið hægt að virkja nokkrar ljósaperur.  Jónsi gerði pokunum góð skil eftir glæstan sigur liðsins og erum við gífurlega þakklát fyrir það.

Á myndinni sjáið þið Miðstigið ásamt Sollu lífsleiknikennaranum þeirra með sýnishorn af framhlið pokanna. Í öllu havaríinu gleymdist að taka hópmynd þegar pokarnir þrír voru tilbúnir.

# Skíðaferð í Oddskarð

12. apríl 2013 - Jónas E. Ólafsson

*Skíðað af miklu öryggi.*

Fimmtudaginn 4. apríl fór skólinn í Oddskarð.  Fyrirvarinn var lítill, en allt gekk upp að óskum.  Allir komu rjóðir til baka eftir velheppnaða ferð. Hér má sjá fleiri myndir.

# Páskaleyfi

22. mars 2013 - Jónas E. Ólafsson

*Viktor, Dýrunn og Hanna Dís á keppnisdögum.*

Páskaleyfi hefst eftir skóla þ. 22. mars og koma nemendur síðan aftur í skólann 3. apríl kl. 8.00.  Þriðjudaginn 2. apríl er starfsdagur og verða starfsmenn á Reyðarfirði við "leik og störf".

# Dagur hamingjunnar

20. mars 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson

Börnin á Yngsta stigi settu saman stutta dagskrá í tilefni af Alþjóðlegum degi hamingjunnar og að sjálfsögðu var það tekið upp með hreyfimyndavélinni.

Öllum sem á hlýddu leið betur eftir þennan flutning og við ákváðum að deila vellíðaninni með ykkur.

# Egg

11. mars 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson

Myndband eftir nemendur í sjónlist.  Stuð.

# Snilldar kokkar !

08. mars 2013 - Solveig Friðriksdóttir

*Girnilegur hrísgrjónaréttur*

Í dag eldaði hluti af eldri hópnum þrjá gómsæta Tapas rétti.  Það er hluti af flakki þeirra um heiminn, þar sem þau elda sýnishorn af réttum hvers lands.

Miðstigið hefur stundað eldamennskuna stíft síðustu vikur og í dag elduðu þau gómsætan hrísgrjónarétt.  Hér sjáið þið nokkrar myndir frá deginum í dag.

Góða helgi.

# Álfabyggð

28. febrúar 2013 - Jóna Petra Magnúsdóttir

*Álfarnir :)*

Nemendur yngsta stigs fór út í Álfabyggð í blíðviðrinu í dag. Álfabyggð er ákaflega skemmtilegt svæði rétt hjá skólanum. Þetta svæði bíður upp á marga möguleika m.a. að

fara í hina ýmsu ævintýraleiki. Í dag ákváðu nemendur að fara í álfaleik, þar sem nemendur breyttust í góða álfa og svart álfa:) Hér má sjá fleiri myndir.

# Alltaf gaman

27. febrúar 2013 - Svandís Jónsdóttir

Hérna má sjá fleiri myndir

# Húsasmiðir

25. febrúar 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson

*Smiðirnir ungu með húsin sín.*

Í morgun luku börnin á Yngsta stigi við fyrsta verkefnið eftir jól í hönnun og smíði, en þau hafa verið að dunda sér við að smíða lítil hús með það fyrir augum að geyma þar lykla eða annað smálegt sem verður að vera á vísum stað.

Húsin eru litskrúðug, eins og hús eiga að vera, og mikið væri nú tilveran bjartari ef fullorðna fólkið málaði húsin sín eftir forskrift barnanna.  Þá mætti sannarlega segja að lífið væri ævintýri.

# Brúum bilið

21. febrúar 2013 - Jóna Petra Magnúsdóttir

*Krakkarnir með fallegu myndirnar sínar.*

Elstu nemendur leikskólans komu í tíma hjá yngsta stigi grunnskólans. Verkefni tímans sem var myndmenntatími var að teikna sjálfsmynd og lita :)

# Öskudagur

13. febrúar 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson

*Gjörsamlega óþekkjanlegt lið þarna á bekknum*

Samkvæmt hefðinni var húllumhæ á öskudaginn í Stöðvarfjarðarskóla.  Nemendur og starfsfólk klæddust dulargerfum svo góðum að enginn þekkti neinn nema sjálfan sig í morgun.  Þegar allir höfðu kynnt sig, var arkað niður í þróttahús þar sem farið var í leiki og

kattargreyið slegið úr tunnunni.  Kassanum í þessu tilfelli.  Svo pylsupartí á Brekkunni og allir fóru saddir heim.

Hér er hreyfimynd af leikjum:

# 2013

05. febrúar 2013 - Jónas E. Ólafsson

*Hluti af Þorramatnum*

Hið árlega Þorrablót skólans var haldið föstudaginn 1. febrúar s.l.  Að venju sá foreldrafélag skólans um undirbúnings þess og voru margar viljugar hendur að störfum eftir hádegi þessa dags.  Maturinn koma víða að.  Nemendur skólans voru búnir að gera lifrarpylsu, blóðmör og sviðasultu í heimilisfræðitímum.  Harðfiskur og hákarl kom frá Borgarfirði eystri.  Hangiketið að sunnan og súrmetið að norðan.  Mætingin var góð, eða um 90 manns.  Tókst þetta vel í alla staði.

# Blóðbað 2013

18. janúar 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson

*...elsku litla hjartans fjallalambið mitt.*

Nemendur af Elsta stigi og Miðstigi hrukku í þjóðlega gírinn í morgun og gerðu slátur, undir öruggri stjórn Sollu og með dyggri aðstoð Evu.  Blóðug upp að öxlum hrærðu þau og jusu, þræddu og saumuðu og stóðu sig bara eins og fornhetjur við þessa iðju.

Innan skamms verður þorrablót í Stöðvarfjarðarskóla og þá verður þetta allt saman snætt; sumir munu innbyrða það með bestu lyst á meðan aðrir (og kannski þá sérstaklega þeir sem sjá meðfylgjandi myndir) munu hafa minni lyst á þessum þjóðlega blóðgraut og frónskri lifrarpylsu.  Eða segir maður lifrarpulsu?

Lysthafendur geta skoðað fleiri myndir akkúrat hérna.

# Ávextir og grænmeti

14. janúar 2013 - Jónas E. Ólafsson

*Eva kemur færandi hendi...*

Á þessari mynd má sjá ávaxta- og grænmetisbakkann sem Eva hefur útbúið.  Þetta góðgæti stendur nemendum til boða á morgnana og bíður þeirra er þeir koma úr

frímínútum.  Ennfremur má sjá að jólabaksturinn er ekki alveg búinn og er gott að narta aðeins í hann.

Þessa vikuna eru námsmatsdagar og eiginlegt heimanám í lágmarki.  Að sjálfsögðu þurfa nemendur að undirbúa sig vel fyrir prófin og má sjá það hjá hverjum og einum inn á Mentor.

# Gleðilegt nýtt ár

04. janúar 2013 - Jónas E. Ólafsson

*Bogga, Sara og Svandís að störfum.*

Mánudaginn 7. janúar hefst grunnskólinn kl. 9.40 og leikskólinn kl. 8.00 að venju. Leikskólinn opnaði 2. janúar s.l. og er búið að vera fámennt, en góðmennt þar undanfarna daga.

Í dag er starfsdagur í leik- og grunnskólanum.  Leikskólastarfsmenn eru við vinnu hér í skólanum, en grunnskólastarfsmennirnir eru á Mentor-námskeiði á Fáskrúðsfirði.

# Litlu jólin

22. desember 2012 - Jónas E. Ólafsson

*Dansað í kringum jólatréð*

Litlu jólin voru haldin hátíðleg fimmtudaginn 20. desember.  Þar hittist hver hópur inni í sinni stofu og gæddi sér á kakó og kökum.  Síðan hittust allir í salnum og voru þar dregnir út 3 heppnir vinningshafar.  Hver þeirra fékk bók að gjöf.  Því næst var aðeins sprellað í látbragðsleik og svo var dansað í kringum jólatréð.  Þar taka allir fullan þátt og slær enginn slöku við.  Þess ber að geta að það gleymdist að fá hljóðfæraleikara, en Björgvin Valur og Friðrik Júlíus voru ekki lengi að redda því og spiluðu undir eins og þeir hefðu aldrei gert neitt annað.  Að endingu komu jólasveinarnir og færðu nemendum góðgæti og dönsuðu með okkur.  Svo var talið niður og nemendur streymdu í jólaleyfið, fullir tilhlökkunar.

# Bakarar

14. desember 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Elsta stig bakaði í heimilisfræðinni hjá Sollu í morgun.  Starfsfólk Stöðvarfjarðarskóla getur vottað að það tókst vel í alla staði.

En svona fóru þau að þessu:

# Síðustu kökurnar í ofninn !

14. desember 2012 - Solveig Friðriksdóttir

Í dag bökuðu nemendur á mið og elsta stigi síðasta skammt fyrir Litlu jólin.  Að venju gekk samstarfið vel þrátt fyrir þrengsli og slaka vinnuaðstöðu enda vinnusamir og duglegir nemendur hér á ferð.  Fleiri myndir er svo hægt að sjá hér

# (Jóla)Félagsvist, Miðstig og Elsta stig

07. desember 2012 - Jónas E. Ólafsson

Nemendur, foreldrar og starfsfólk.

Foreldrafélag Stöðvarfjarðarskóla ætlar að halda félagsvist miðvikudagskvöldið 12. desember og hefst hún kl. 20, í skólanum.  Spiluð verða a.m.k 12 spil.  Veitt verða verðlaun fyrir 3 efstu sætin í hvorum flokki.

Boðið verður upp á kakó og smákökur.  Foreldrar/forráðamenn eru sérstaklega hvattir til að mæta og grípa í spil með börnum sínum (gætu m.a.s. fengið vinning!).

# Bæjarstjórinn heimsækir

04. desember 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri Fjarðabyggðar, heimsótti Stöðvarfjarðarskóla í dag og átti bráðskemmtilegan fund með nemendum.  Með honum í för var fræðslustjórinn og góðkunningi okkar, Þóroddur Helgason.

# Aukaefni

26. nóvember 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Þegar upptöku átti að ljúka á árshátíð skólans, gleymdist að slökkva á myndavélinni og fyrir vikið náðist hreyfimynd af því þegar foreldrar ferðahópsbarnanna stilltu upp veisluborði á sviðinu og í kjölfarið þegar gestir fengu sér af því.

Drengirnir í sjónlistavali tóku þetta myndskeið og bjuggu til úr því litla mynd sem er hér til sýnis.

## Töfrandi (eða þannig)

23. nóvember 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Hérna er leikritið Töfrandi (eða þannig) í heild sinni.  Gjörið svo vel.

## Illmennablús

23. nóvember 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Leikritið Töfrandi var sýnt á árshátíð Stöðvarfjarðarskóla í gærkvöldi.  Til gamans birtum við hér einn þátt úr því en leikritið allt verður svo sýnt hér á þessari síðu, þegar unnið hefur verið úr myndskeiðum þar að lútandi.

Það er Jóhannes Kristinn Hafsteinsson sem þarna fer á kostum sem hinn illi Skuggi greifi.

# Kynning á skólaleikritinu

21. nóvember 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Árshátíð Stöðvarfjarðarskóla verður fimmtudagskvöldið 22. nóvember.  Þar verður frumsýnt leikritið Töfrandi og hér gefur að líta brot úr því sem tekin voru á æfingu:

# Kónguló

20. nóvember 2012 - Svandís Jónsdóttir

og seinasta fimmtudag gerðum við þennann stóra kóngulóarvef og sungum lag sem heitir Frú kónguló. Yngsta stigið komu í heimsókn til okkar 16. nóv. og um leið og þau sáu kóngulóarvefinn breyttust allir í kónguló eða flugu. Léku þau sér í þónokkra stund og voru sumir að bjarga flugunum úr vefnum. Mjög skemmtilegt að horfa á leikinn.

# Dagar myrkurs

20. nóvember 2012 - Svandís Jónsdóttir

Börnin máluðu kónguló og blað alveg svart. Síðan voru ruslapokar settir í gluggana. 9. nóvember þá héldum við upp á daga myrkurs en þá komu börnin í búning og með vasaljós. Þau skemmtu sér konunglega.

# Töfrandi árshátíð

19. nóvember 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Árshátíð Stöðvarfjarðarskóla verður haldin 22. nóvember en þá verður leikritið Töfrandi frumsýnt.  Um er að ræða ævintýri um baráttuna milli góðs og ills, ástar og haturs, lífs og dauða; sumsé þetta klassíska þema sem er gegnumgangandi í lífinu.

Allir nemendur grunnskólans fara með hlutverk og allir starfsmenn hafa komið að undirbúningi.  Það er mikið í lagt og við hvetjum að sjálfsögðu sem flesta til að koma og skemmta sér með okkur.

Aðgangseyrir er krónur 800 fyrir fullorðna og krónur 500 fyrir börn.

Innifalið í verðinu eru veitingar sem börnin í ferðahópnum og foreldrar þeirra töfra fram af alkunnri snilld.

# Dagar myrkurs

09. nóvember 2012 - Sólrún Friðriksdóttir

Nú standa yfir Dagar myrkurs á Austurlandi og hefur ýmislegt skuggalegt verið brallað og bardúsað af því tilefni.

Hér í skólanum hjá okkur hafa skólastofurnar hafa verið skreyttar á ýmsa lund og er stofa Yngsta stigs vægast drungaleg. Nemendur á Mið-og Elsta stigi útbjuggu tvo skúlptúra sem hanga á ganginum og hér má sjá skúlptúr Miðstigs en þau leituðu í smiðju Edwards Munch og fengu lánaða veruna úr Ópinu.

Ennfremur voru samin ljóð þar sem þemað var að sjálfsögðu Myrkrið, hvað annað? Hér eru nokkur ljóð eftir nemendur Elsta stigs.

**Veran í myrkrinu**

Svört nóttin er að bresta á.

Skuggi veru færist nær og nær.

Fólk fyllist af hræðslu og ótta.

Veran  er í hrafnsvartri kápu

og tunglið skín bjartar en venjulega.

Veran fer að sjást greinilega,

hún heldur á ljá og færist nær.

Fólk fellur frá vegna hræðslu og ótta.

Veran tekur fólk sem fallið hefur frá

og hverfur svo út í myrkrið svart

*(höf: Jóhannes)*

**Myrkvaljóð**

Myrkrið er dimmt

Stundum er það grimmt

Skuggalegt er rökkrið

Grátur,ótti og hræðsla

Hrafnsvartur maðurinn gengur

Um dimman og dökkan veg

Upp á palli er maður hengdur

Dauðinn nálgast hér

Hérna liggur lítil stelpa

Með tárin í augum sér

Ég vil ekki vita hvað er á kreiki

Mér líður illa inni í mér

En nú rís máninn upp

Og það er fullt tungl

*(Höf: Friðrik)*

**Myrkrið.**

Myrkrið umkringir mig

það er draugalegt og svart.

Spangól ég heyri.

Grátur í fjarska.

Skuggar á veggnum

Það er myrkur.

*(Höf: Fjölnir)*

Myrkrið er dimmt

dimmt eins og hrafninn

og þar leynast skuggar og skrýtnar verur

en þar leynist þögnin,

 þögnin svo svört

og köld.

*(Höf. Eyþór)*

Það er dagur

allt voða bjart.

En um nætur

kemur myrkrið svart.

Í myrkrinu labbaði ég einn

og sá alls ekki neitt.

Ég var hræddur og var á leið heim.

En allt í einu heyrði ég hljóð.

En sem betur fer var þetta bara hænsnagól.

*(Höf: Kristján)*

**Hrekkjavaka.**

Hrekkjavaka er eins og góð kaka

ef ég mætti hana taka

til þess að baka.

**#Dagar myrkurs.**

Þegar draugar fara á stjá,

þá kem ég til að sjá.

Því dagar myrkurs eru nú,

því ég er gömul frú. (*Höfundur: Arney Hildur.)*

# Skuggaleiksýningar

09. nóvember 2012 - Guðrún Ármannsdóttir

Skuggaleiksýningarnar verða í Frystihúsinu á sunnudaginn 11. nóvember kl. 18:00. Munið að vera hlýlega klædd og taka með ykkur teppi. Góða skapið verður vonandi líka í farteskinu. Sjáumst hress og kát.

# Nýtt foreldrafélag!!!

09. nóvember 2012 - Jónas E. Ólafsson

Í gærkveldi var stofnað nýtt foreldrafélag við skólann. Góð mæting var og hugur í fólki. Haldnir voru aðalfundir Foreldrafélags Grunnskólans á Stöðvarfirði og Foreldrafélags Balaborgar. Á þeim voru reikningar lagðir fram og samþykktir. Aðalfundur hvors félags lagði svo til að félagið yrði lagt niður og eignir lagðar í nýtt félag. Frá foreldrafélagi grunnskólans komu 271.118 krónur og frá Balaborg 42.114 krónur. Samtals á nýtt félag 313.352 krónur.

Í kjölfarið var stofnað nýtt foreldrafélag undir nafninu Foreldrafélag Stöðvarfjarðarskóla. Ný lög voru samþykkt og ný stjórn kosin í samræmi við ný lög. Lög félagsins má sjá hér til hliðar á heimasíðunni undir "Skólinn".

Í stjórn félagsins eru:

Magda Stankiewicz, formaður magda@skolar.fjardabyggd.is

Jósef A. Friðriksson, gjaldkeri josef.stf@gmail.com

Kristín Bj. Ársælsdóttir, ritari klatti@simnet.is

*Við þökkum öllum úr fráfarandi félögum fyrir góð störf á liðnum árum.*

# Stofnfundur Foreldrafélags Stöðvarfjarðarskóla

07. nóvember 2012 - Jónas E. Ólafsson

Fimmtudaginn 8. nóvember, er fyrirhugaður stofnfundur Foreldrafélags Stöðvarfjarðarskóla.

Fundurinn verður í húsnæði skólans og hefst kl. 20.

Dagskrá fundarins yrði á þessa leið:

1. Aðalfundur Foreldrafélags Grunnskólans á Stöðvarfirði (þar sem félagið yrði svo lagt niður)

2. Aðalfundur Foreldrafélags Balaborgar (þar sem félagið yrði svo lagt niður)

3. Stofnfundur nýs félags

# Árshátíðinni frestað

06. nóvember 2012 - Jónas E. Ólafsson

*Frá árshátíðinni 2011*

Árshátíðinni, sem vera átti fimmtudaginn 8. nóv. er frestað um tvær vikur.  Ástæður eru m.a. þær að mikið hefur verið er að gera hjá nemendum s.s. undirbúningur fyrir Samaust og Stíl, ásamt fleiru.

Nemendur eru þessa dagana á fullu við æfingar á leikverkinu "Töfrandi" eftir Björgvin Val Guðmundsson, sem frumsýnt verður á árshátíðinni þann 22. nóvember n.k.

# Skuggaleiksýningum frestað

02. nóvember 2012 - Guðrún Ármannsdóttir

Skuggaleiksýningum sem vera áttu í Frystihúsinu í dag verður frestað um óákveðinn tíma vegna veðurs og færðar.  Auglýst verður nánar þegar sýningartími hefur verið ákveðinn

# Meðan vetrarstormur geisar...

02. nóvember 2012 - Solveig Friðriksdóttir

..... og allt á kafi í snjó, er gott að kúra undir teppi eða baka eitthvað gott.  Börnunum varð ekki af ósk sinni um það mikið óveður eða ófærð að skóla yrði aflýst í dag.  Notalegheit voru í fyrirrúmi og mið og elsta stig spreytti sig á gerbakstri.  Hér er uppskriftin að kúmenkringlunum/bollunum frá miðstigi sem aldrei klikka.

- Kúmenkringlur eða bollur
- 250 gr hveiti
- 100 gr heilhveiti
- 90 gr smjörlíki eða olía
- 2 tsk þurrger
- 1 tsk salt
- 2 msk kúmen
- 2 dl mjólk
- 1 egg

Aðferð:

- Smjörlíkið og mjólkin eru hituð saman í potti
- Gerið er leyst upp í volgum vökvanum ásamt sykri
- Hveiti, heilhveiti, salti, kúmeni og eggi bætt í
- Hrært og hnoðað. Látið hefast í 30 mín
- Búnar til litlar kringlur eða bollur, sem fá að hefast á plötu um stund
- Bakað við 180° í 10 mínútur ca.

# Mús

02. nóvember 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

*Menn og mús*

Við fáum marga gesti í skólann en sá sem kom í morgun, vakti líklega meiri athygli meðal nemenda (og starfsfólks) en flestir aðrir.

Siggi var á leiðinni í skólann og þá sá hann mús skjótast í snjónum þegar hann kom út. Hún nam staðar, Siggi þjappaði í snjóbolta og ætlaði að hræða hana í burtu með því að kasta í áttina að henni en ekki vildi betur til en svo að hann hitti músina sem hljóp þá í hringi í lítilli holu sem hún hafði grafið í snjóinn.

Siggi handsamaði músina og kom með hana í skólann.  Nú er unnið að því hörðum höndum að finna henni nýtt og stærra heimili en krukkuna sem hún býr í þessa stundina.

Hér eru fleiri myndir af músarkomunni.

# SamAust.

01. nóvember 2012 - Borghildur Jóna Árnadóttir

Vegna veðurs hefur verið ákveðið að fresta SamAust-hátíðinni sem vera átti 2. nóvember á Egilsstöðum. Líklegast verður hátíðin færð fram að 30. nóvember, gæti þó breyst. Vonumst við til að allir okkar keppendur komist þann dag, þar sem þau eru búin að leggja mikla vinnu í sín atriði. Nánar auglýst síðar.

# Frestun stofnfundar Foreldrafélags Stöðvarfjarðarskóla

01. nóvember 2012 - Jónas E. Ólafsson

Vegna veðurs er ákveðið að fresta áður auglýstum stofnfundi fram í næstu viku.  Þar kemur fimmtudagurinn 8. nóvember helst til greina.  Nánar auglýst síðar.

# Gengið á Mosfell

31. október 2012 - Guðrún Ármannsdóttir

Heilsuræktarhópurinn á Elsta stigi gekk á Mosfell í byrjun september.  Veðrið var dásamlegt og komust allir á toppinn.  Ekki fundum við flöskuna þar sem skrá á nöfn þeirra sem komast heilu og höldnu á tindinn.  Við snæddum nesti og héldum svo niður á ný.

# Dagar myrkurs á Stöðvarfirði

31. október 2012 - Jóna Petra Magnúsdóttir

1. nóvember. Fílabolti í íþróttahúsinu á Stöðvarfirði kl.20:00

2. nóvember. Skuggaleikhús í Frystihúsinu kl.18:00-18:40.

3. nóvember. Alþjóðlegur dagur myndlistar. Opnar vinnustofur á Stöðvarfirði. Ríkharður Valtingojer, Rósa Valtingojer, Sólrún Friðriksdóttir og Zdenek Patak, Fjarðarbraur 42, kl.14-17:00. Gallerý Snærós er til húsa á sama stað og verður opið líka.

4. nóvember. Kertafleyting inn á Óseyri við Stöðvarfjörð kl.20:00 síðan verður farið á Söxu í vöfflur og kakó. Afhjúpun myrkraverka.

5. nóvember. Prjónað verður úr svörtu garni við kertaljós í Litlu Rauðakrossbúðinni frá kl.19:30.

6. nóvember. Hókus pókus og myrkrið ræður ríkjum hjá Nínu í íþróttahúsinu frá kl.16:00-18:00.

Draugasögur og drauganammi á bókasafninu, opið frá kl.9:00-17:00.

7. nóvember. Ratleikur í Nýgræðingi kl.20:00. Hvað býr í skóginum....Muhahahaha. Ekki fyrir viðkvæma.

8. nóvember. Draugasögur og drauganammi á bókasafninu, opið frá kl.9:00-17:00.

9. nóvember. Súpukvöld á Söxu kl.18:00. Þeir sem hafa kost á mæta með súpu gera það, annars bara mæta og smakka súpur hjá hinum. Tónlistaratriði sem mun koma á óvart.

10. nóvember. Draugabíó á Söxu kl.18:00.  Pizzahlaðborð á Brekkunni kl. 18:00.

11. nóvember. Blóðdrykkur og draugakökur. Ljóðalestur grunnskólabarna þar sem þemað er myrkrið. Gaman væri ef flestir mættu í búning. Þetta verður á Söxu.

# Dagar myrkurs

31. október 2012 - Jóna Petra Magnúsdóttir

Dagar myrkurs hefjast á morgun 1. nóvember. Nemendur yngsta stigs eru búnir að vera ansi duglegir  að skreita stofuna sína. Þau hafa m.a. útbúið luktir, kóngulær og drauga.

Nokkur myrkraljóð eru komin á blað og einnig er þau að æfa rapplag um myrkrið.

# Skólaheimsókn

31. október 2012 - Jóna Petra Magnúsdóttir

Nemendur yngsta stigs við Grunnskólann á Breiðdalsvík komu í heimsókn til okkar 28.október.

Þau skoðuðu skólann og léku svo með okkur inn í skólastofunni okkar. Við perluðum,leiruðum og gerðum hálsmen og armbönd.

Eftir hádegismatin fóru við út að renna okkur á rassaþotu. Afar skemmtilegur dagur og þökkum við nemendum yngsta stigs á Breiðdal kærlega fyrir komuna.

# Kuldaboli 2012

30. október 2012 - Borghildur Jóna Árnadóttir

*Tjöldin í Höllinni.*

Laugardaginn 13. október, fóru Kata og Nína á Kuldabola með krökkunum á Elsta stigi, þar sem forstöðukonurnar voru að sinna öðrum störfum fyrir Rauða krossinn. Kuldaboli er hittingur félagsmiðstöðva á Austurlandi, þar sem krakkarnir tjalda og gista í Fjarðabyggðarhöllinni á Reyðarfirði. Yfir laugardaginn fóru þeir í smiðjur, þar sem þeir gátu t.d valið um kassaklifur, zumba, glímu, ketilbjöllur og margt fleira.

Tvær mæður mættu svo á svæðið og bökuðu vöfflur ofan í liðið, tæplega 500 vöfflur.

Forstöðukonur Stöðvarinnar bökuðu 14 skúffukökur ofan í krakkana.

Guðgeir Fannar mætti svo á svæðið og myndaði allt í bak og fyrir.

Krakkarnir okkar stóðu sig mjög vel og voru til fyrirmyndar, sem og sjálfboðaliðarnir sem fengu mikið lof fyrir.

# Bekkjarsáttmáli á miðstigi!

30. október 2012 - Solveig Friðriksdóttir

Síðustu lífsleiknitíma hafa krakkarnir á miðstigi unnið að Bekkjarsáttmálanum sínum.

Fyrst var lagt af stað í hugmyndavinnu og þau gildi sem hópurinn vill hafa að leiðarljósi valin. Svo var hannað, litað, klippt og límt. Hluta af vinnuferlinu sjáið þið hér.

# Leikaraskapur

26. október 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Undirbúningur fyrir árshátíð er hafinn af fullum krafti. Að þessu sinni verður sýnt eitt leikrit sem ber vinnuheitið Töfrandi, en það er allt eins víst að betra nafn finnist á það fyrir frumsýningu.

Í dag var fyrsti samlestur á leikritinu og eftir helgi höldum við áfram og æfum þá líka dansa og söngva sem í því eru. Hér eru fleiri myndir.

Árshátíðin verður svo 22. nóvember.

# Vetrarfrí og starfsdagur í grunnskólanum. Leikskólinn opinn.

18. október 2012 - Jónas E. Ólafsson

*Yngstu nemendur Stöðvarfjarðarskóla*

Mánudaginn 22. október verður vetrarfrí og þriðjudaginn 23. október verður starfsdagur. Báðir þessir dagar eru frídagar hjá nemendum.

Starfsemi leikskólans verður óbreytt þessa daga.

# Speglun

18. október 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Miðstig var að læra um spegla og speglun í Náttúrufræði.  Að bóklegum hluta loknum, fóru þau út með myndavél og fundu staði þar sem þau gátu tekið mynd af sjálfum sér með speglun.

Afraksturinn er að finna hérna.

# Bakað á bleikum föstudegi !

17. október 2012 - Solveig Friðriksdóttir

Aðal rétturinn þennan föstudag var Mexíkósk kjúklingasúpa sem nemendur reiddu fram af sinni alkunnu snilld.  Þetta er súpa númer tvö í súpuþemanu sem er hjá elsta stigi þessar vikurnar.

Hér sjást myndir frá vinnunni.

# Stöðvarfjarðarskóli

17. október 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Í gær var vígður Stöðvarfjarðarskóli, sameinaður skóli Grunnskólans á Stöðvarfirði og Leikskólans Balaborgar. Mikið var um dýrðir og ávörp fluttu m.a. Jónas Ólafsson skólastjóri, Jósef Friðirksson formaður fræðslu- og frístundanefndar, Ingibjörg Eyþórsdóttir sem hættir nú sem leikskólastjóri, Þóroddur Helgason fræðslustjóri Fjarðabyggðar og Gunnar Jónsson bæjarritari mætti og flutti ræðu fyrir hönd bæjarstjóra og bæjarstjórnar.

Börn spiluðu og sungu og fluttu ljóð af stakri snilld og framtíðin í þeirra höndum lofar svo sannarlega góðu.

Að lokum var gengið til veislu og nýr og breyttur skóli sýndur gestum.

# Þorpið okkar

15. október 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Fjórir nemendur í sjónlist við Stöðvarfjarðarskóla, fóru um þorpið og tóku ljósmyndir sem þeir síðan splæstu saman og settu tónlist við.

Eins og sjá má, bar margt fyrir augu, í raun mun meira en heimafólk gerir sér grein fyrir að sé að finna í þorpinu.  Njótið.

# Kaffisamsæti

11. október 2012 - Jónas E. Ólafsson

*Stöðvarfjarðarskóli*

Í tilefni formlegrar vígslu Stöðvarfjarðarskóla, vill Fjarðabyggð bjóða öllum íbúum Stöðvarfjarðar til kaffisamsætis, þriðjudaginn 16. okt. kl. 17.00.

Bæjarstjóri, fræðslustjóri og formaður Fræðslu- og frístundanefndar Fjarðabyggðar flytja stutt ávörp.  Einnig koma nemendur með tónlistaratriði.  Að þessu loknu er gestum boðið að skoða leikskólaaðstöðuna  og njóta veitinga.

Inga á leikskólanum (eins og við þekkjum hana) kemur í heimsókn.

Vonumst til að sjá sem flesta

# Bleikar slaufur

11. október 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Nemendur á Miðstigi lituðu og klipptu út bleikar slaufur í tíma í morgun og hengdu þær síðan upp í stofunni sinni.

Þetta er að sjálfsögðu gert til að vekja athygli þeirra á baráttunni gegn krabbameini og á morgun mæta svo allir í einhverju bleiku í skólann.

# Myndbandagerð

08. október 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Nokkrir nemendur á Elsta stigi sem kosið hafa sjónlistir sem valgrein, voru í dag í óða önn að setja saman myndband fyrir lag sem þeir sömdu með aðstoð tölvunnar.

Afurðin verður sýnd á þessari síðu þegar hún verður tilbúin.

# Hákarl

02. október 2012 - Svandís Jónsdóttir

Leikskólinn fór í gönguferð í skútuklöpp að skoða hákarlinn sem var þar. Það þorði bara einn að fara á bak en þau voru að koma við hann og hann stingur. Bjössi sýndi okkur líka aðra fiska eins og karfa, ufsa og lúðu. Þetta var mjög skemmtilegt og þau töluðu um þetta lengi á eftir.

# Grafík

01. október 2012 - Sólrún Friðriksdóttir

Undanfarið hafa fjórir krakkar í myndlistarvali / sjónlist verið í grafík eða nánar tiltekið dúkristu. Byrjuðu þau á því að gera svarthvítar skissur með pensli og svörtum þekjulit. Því næst völdu þau úr skissunum þá mynd sem þau vildu útfæra. Skissan var þá færð, spegilvend, yfir á bút af linóleum-dúk. Þá var byrjað að skera í dúkinn með þar til gerðum hnífum, svokölluðum U-og V-hnifum. Í dúkristu eru þeir fletir sem eiga að vera ljósir skornir í burtu.  Þegar búið var að skera út fletina var borin prentsverta á prentmótið (linóleum-dúkinn) með rúllu. Prentmótið lagt á hvítan pappír og þrýst vel á pappírinn.  Snúð við og rúllað þétt yfir bakhliðina með hreinni rúllu. Prentaðar voru nokkuð margar myndir bæði á hvítan pappír og eins á litaða bakgrunna sem þau útbjuggu með vatnslitum og vaxlitum. Þegar myndirnar voru orðnar þurrar voru þær límdar á hvít kartonspjöld.

# Vetrarsólhvarfahátíð

24. desember 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Á Íslandi hefjast jólin kl. 18.00 á aðfangadag, þann 24. desember og stendur hátíðin fram að þrettánda, þann 6. janúar. Á norðurslóð eiga þau sér ævaforna sögu tengda vetrarsólhvörfum en ekki er vitað nákvæmlega hvenær jól voru haldin í heiðnum sið en sennilegt þykir að það hafi verið gert með fullu tungli í skammdeginu. Ekki vita menn heldur hvernig heiðin jól voru haldin, nema að þau voru „drukkin" með matar- og ölveislum og buðu íslenskir höfðingjar oft fjölmenni til jóladrykkju.

# Hundasúrutínsla

25. september 2012 - Jóna Petra Magnúsdóttir

Nemendur Yngsta stigs fóru í hundasúrutínslu einn góðviðrisdaginn. Ætlunin er að gera hundasúrusúpu í heimilisfræðinni. Hér má sjá fleiri myndir.

# Blöðrubátar

24. september 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Krakkarnir á Miðstigi bjuggu til báta úr vatnsþéttum pappír og festu svo við þá blöðrur til að knýja þá áfram.  Leiðbeiningarnar fengu þau hérna og þau unnu verkefnið í smíðatímum.

Í morgun fóru þau svo með bátana í sundlaugina sem er lokuð á þessum tíma árs en þau fengu að fara þar inn með góðfúslegu leyfi Odds sundlaugavarðar.  Svona gekk þetta hjá þeim:

# Heimsókn frá Reyðarfirði

07. september 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Nemendur fimmta bekkjar við Grunnskóla Reyðarfjarðar, heimsóttu okkur í dag en heimsóknin er orðin árlegur viðburður.

Við sýndum Reyðfirðingunum skólann okkar og fórum með þá út í Nýgærðing þar sem klifrað var í trjám, gengið um skógarstíga og nestið borðað.

Síðan fóru gestrirnir með sínum kennurum í Steinasafn Petru en okkar nemendur fóru aftur í skólann til að halda upp á Dag læsis með því að lesa góða bók í afslöppuðu umhverfi.

Við þökkum krökkunm og kennurum frá Reyðarfirði fyrir komuna.

# Inga kveður

03. september 2012 - Jónas E. Ólafsson

*Inga í kveðjukaffinu*

Síðasti starfsdagur Ingibjargar Eyþórsdóttur leikskólastjóra var föstudaginn 31. ágúst.  Af því tilefni vildu starfsfólk og nemendur skólans eiga með henni gæðastund.  Rjómaterta var í kaffinu að þessu sinni.

# Úr nægtarbrunni náttúrunnar...

28. ágúst 2012 - Solveig Friðriksdóttir

Það er vel við hæfi að hefja heimilisfræðikennslu á því að nýta það sem náttúran býður upp á.

Fyrsta verkefni hjá öllum aldurshópum var að taka upp rabarbara og brytja niður. Síðan verða ýmsir réttir galdraðir fram úr þessu eðal hráefni.

Yngsta stig tók upp næpur og radísur sem sáð var fyrir í vor. Þau fara von bráðar að taka upp kartöflur og vinna með þær og radísurnar.

Áfram verður unnið með náttúruna okkar og nýtum við hana sem allra mest meðan veður leyfir.

# Sundkennsla

27. ágúst 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Sundkennsla verður dagana 27. ágúst – 30. ágúst (mán-fim) og 3. sept. – 5 sept (mán-mið).

Tímasetning hjá yngsta stigi: mán (11.10), þri (12.30), mið (11.10) og fim (12.30)

Miðstig verður alla daga kl. 13.30 og elsta stig kl. 14.30.

Íþróttir falla niður þessa daga.

# Nýr mánuður

01. september 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

September hefst 1. september.

# Stöðvarfjörður til forna

22. ágúst 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson



Svona leit þorpið okkar út um aldamótin 1900, en stóra húsið á miðri myndinni er verslun og íbúðarhús Carls Guðmundssonar sem var fyrsti kaupmaðurinn á Stöðvarfirð. Hann hóf verslunarrekstur 1896.

Húsið komst síðar í eigu Kaupfélags Stöðfirðinga sem rak þar verslun til fjölda ára og þar voru einnig íbúðir. Það var rifið 1989.

Ofar í þorpinu má meðal annars sjá gamla húsið á Hóli, Kirkjuból, Bakkagerði og líklega Grund.

Til gamans má geta þess, að það var afi Davíðs Oddssonar sem tók þess mynd, en hann hét Ólafur Oddsson og starfrækti ljósmyndastofu á Fáskrúðsfirði á þessum árum.

# Skólasetning

22. ágúst 2012 - Björgvin Valur Guðmundsson

Grunnskólinn á Stöðvarfirði verður settur miðvikudaginn 22. ágúst kl. 10:00 í húsnæði skólans.